

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson

Reykjavík, 27. febrúar 2025
Tilvísun: 202502020 / 6.1

Efni: Deiliskipulag Þinghóls á Tálknafirði, Vesturbyggð

Vesturbyggð hefur, með erindi dags. 10. febrúar 2025, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 25. nóvember 2025. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagið var samþykkt í heimastjórn, þann. 6. febrúar 2025.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining á 17 frístundalóðum, þar af einni frístundalóð með 5 smáhúsum. Einnig er byggingarreitir hótels stækkaður og svæði í kringum kikju og kirkjugarðar skilgreint.

Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag sama svæðis frá 2000.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og upprætti í mkv. 1:2000, dags. 25. apríl 2024.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi formgalla:

- Byggingarreitir frístundalóða uppfylla ekki ákvæði 5.3.2.12. gr. skipulagsreglugerðar 90/2013F, um að ekki skal byggja nær lóðarmörkum en 10 m.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Með vísun í gr. 5.7.2 í skipulagsreglugerð þarf ekki að senda deiliskipulagið til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun að nýju ef gerðar eru nauðsynlegar breytingar til að uppfylla form þess.

Guðjón Erlendsson

